

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 1205/2015 um beingreiðslusamninga við fatlað fólk og forsjáraðila fatlaðra barna í Reykjavík.

1. gr.

2. mgr. 13. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

Aldrei skal gera beingreiðslusamning til lengri tíma en eins árs í senn, þó aldrei lengur en til 31. desember 2017.

2. gr.

29. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

Reglur þessar eru settar með stoð í 55. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks og kveða þær á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, sbr. VII. kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og X. kafla laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks. Reglur þessar öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 2017.

3. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru samdar og samþykktar af borgarráði og öðlast þegar gildi.

Borgarstjórnin í Reykjavík, 8. september 2016.

e.u.

Sigurður Björn Blöndal.